

Skýrsla vegna eftirfylgni úttektar á æðaskurðeild A4 Landspítala Fossvogi

Embætti landlæknis gerði í nóvember-desember 2017 hlutaúttekt á æðaskurðeild A4 Landspítala Fossvogi.

Ábendingar Embættis landlæknis að lokinni úttekt

- Fjölga sérfræðilæknum í fullri stöðu og vinna að því að gera æðaskurðeildina meira aðlaðandi fyrir nýja sérfræðilækna.
- Endurskipuleggja verkferla, sérstaklega með vinnufyrirkomulag hjúkrunar í byrjun vakta á morgnana í huga.
- Koma á fót þverfaglegum umbótahópum, m.a. til að bregðast við niðurstöðum gæðavísa í því skyni að efla gæði og öryggi þjónustu á deildinni.
- Vinna að því að bæta húsakost æðaskurðeildar.

Eftirfylgd úttektar

Vegna eftirfylgni úttektar bað Embætti landlæknis um greinargerð frá stjórnendum æðaskurðeildar A4 varðandi það hvort ábendingar embættisins hafi orðið tilefni til breytinga og þá hverra. Greinargerð frá stjórnendum A4 bárust embættinu þann 19. nóvember 2018 og eru helstu niðurstöður tíundaðar hér að neðan. Þann 14. desember 2018 var fundað með stjórnendum deildarinnar; Lilju Þyri Björnsdóttur yfirlækni, Ingibjörgu Guðmundsdóttur deildarstjóra og Lilju Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs og farið yfir ábendingar embættisins.

Niðurstöður eftirfyldar

- **Fjölga sérfræðilæknum í fullri stöðu og vinna að því að gera æðaskurðeildina meira aðlaðandi fyrir nýja sérfræðilækna.**

Í hlutaúttekt Embættis landlæknis á æðaskurðeild A4 kom í ljós að mönnun sérfræðilækna var ákveðið vandamál sem reynt var að leysa með afleysingu sérfræðilækna frá Uppsölum í Svíþjóð og embættið taldi vera neyðarúrræði, m.a. vegna tungumálaörðugleika. Fram kom í greinargerð stjórnenda vegna eftirfylgni úttektar að auglýst hefði verið eftir æðaskurðlækni á Íslandi en engar umsóknir borist. Því var brugðið á það ráð að auglýsa á erlendum vefmiðlum sem varð til þess að ráðinn var króatískur æðaskurðlæknir í 100% starf frá 1. október 2018. Íslenskur æðaskurðlæknir sem búsettur er í Svíþjóð mun leysa af fjórðu hverja viku frá og með 1. janúar 2019. Að sögn stjórnenda deildarinnar standa vonir til að hann flytji heim á komandi sumri en hann hefur hug á að fá 100% stöðu á Landspítala. Þá mun annar íslenskur

æðaskurðlæknir sem er í doktorsnámi erlendis leysa af tímabundið. Ekki er von á öðrum æðaskurðlæknum heim á næstu árum en jákvætt er að þrír unglæknar hafa hafið nám í æðaskurðlækningum á síðustu þremur árum og starfandi deildarlæknir á æðaskurðeildinni stefnir að því sama. Frá og með janúar 2019 verða sérfræðilæknar í 2,95 stöðugildum og að sögn stjórnenda mun deildin áfram þiggja stuðning frá Uppsölum en þó í minna mæli.

Hvað varðar það að laða að fleiri sérfræðilækna á deildina þá er unnið að sameiginlegri stöðu æðaskurðeildar og röntgendeildar þannig að æðaskurðlæknar geti sinnt æðapræðingum eins og þeir eru þjálfaðir til. Samkomulag um þetta hefur náðst milli yfirlækna beggja deilda og áætlað að þetta fyrirkomulag hefjist í janúar 2019. Skurðstofuaðstaða er góð sem og tækjakostur. Deildarlæknar eru nú fjóra mánuði í senn á deildinni og fá þ.a.l. góða þjálfun sem gerir þá enn hæfari sem aðstoðarmenn sérfræðilækna. Fram kom hjá stjórnendum deildarinnar að samvinna lækna sem starfa á deildinni væri með ágætum og margir læknar sem leysa af vilja koma aftur.

- **Endurskipuleggja verkferla, sérstaklega með vinnufyrirkomulag hjúkrunar í byrjun vakta á morgnana í huga.**

Að sögn stjórnenda deildarinnar hafa verkferlar þegar verið endurskipulagðir þannig að hjúkrunarfræðingar mæta nú hálf tíma fyrir til vinnu á morgunvakt, eða kl. 07:30 og ná þannig að kynna sér sjúklinga betur fyrir stofugang. Eftir að þetta fyrirkomulag var tekið upp ná hjúkrunarfræðingar oft að ganga stofugang með læknum og morgunverk þeirra eru skipulagðari og viðráðanlegri en áður. Áreitið sem var oft á morgnana hefur minnkað verulega og sennilega eins lítið og hægt er miðað við að deildin er þriggja sérgreina legudeild og skortur er á hjúkrunarfræðingum. Almenn ánægja er hjá öllum starfsstéttum deildarinnar með þetta fyrirkomulag.

- **Koma á fót þverfaglegum umbótahópum, m.a. til að bregðast við niðurstöðum gæðavísa í því skyni að efla gæði og öryggi þjónustu á deildinni.**

Eftir að úttekt embættisins var gerð hafa tveir þverfaglegir umbótahópar verið stofnaðir á deildinni og einn er í undirbúningi.

Þverfaglegur umbótahópur um þrýstingssár hefur það að markmiði að fækka þrýstingssárum, gerð var punktstöðurannsókn á þremur deildum í upphafi og verður endurtekin eftir 6 og 12 mánuði. Þess má geta að þrýstingssáranefnd Landspítala hefur valið deildina til að vera innleiðingardeild fyrir þrýstingssáravarnir. Verið er að innleiða skráningu BRADEN áhættustigun fyrir hvern sjúkling í rafræna sjúkraskrá.

Þverfaglegur öndunarvegs-/tracheostomíuhópur hefur verið stofnaður á deildinni. Eftir flutning HNE deildar frá B6 til A4 eru færri vanir hjúkrunarfræðingar sem kunna umhirðu og sog og markmið þessa teymis er m.a. að þjálfa upp fleiri starfsmenn.

Í burðarliðnum er þverfaglegt aflimunarteymi og tveir hjúkrunarfræðingar deildarinnar eru í meistaranámi í hjúkrun með aflimanir sem verkefni.

- **Vinna að því að bæta húsakost æðaskurðeildar.**

Frá því að úttekt embættisins var gerð hefur fundaraðstaða verið bætt. Stórt „skálaherbergi“ framan við deildina hefur verið gert upp, ný húsgögn og nýir stórir skjáir. Í heildina hefur aðstaðan batnað verulega með fullbúnu fundarherbergi, nær tilbúnu viðtals-/vinnuherbergi og endurbótum á kaffistofu starfsfólks. Hins vegar er æðarannsóknarherbergi í biðstöðu.

MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

Ljóst er að stjórnendur æðaskurðeildar A4 hafa tekið tillit til ábendinga Embættis landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi marga þætti starfseminnar og er það vel. Hins vegar ráðast sumir þættir starfseminnar meira eða minna leyti að ytri skilyrðum sem koma í veg fyrir að hægt sé að uppfylla allar kröfur sem embættið hvatti til, s.s. mönnun sérfræðilækna og húsnæðismál.

Embættið gerir því ekki frekari athugasemdir.